



HAFNARFJÖRÐUR

Vetrarfrí febrúar 2020

- *19.2.2020 - 23.2.2020*

Fimmtudaginn 20. og föstudaginn 21. febrúar er vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar. Af því tilefni verður **frítt í sund** fyrir börn og fullorðna þessa daga í **Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug** og **Sundhöll Hafnarfjarðar**.

Hafnarborg býður börnum á grunnskólaaldri að koma og taka þátt í skemmtilegum og skapandi listasmiðjum í vetrarfríinu á vegum safnsins í tengslum við sýninguna Þögult vor. Ókeypis aðgangur að sýningum safnsins og smiðjunum en mælst er til þess að börn komi í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Grunnskólabörn í Hafnarfirði eru boðin sérstaklega velkomin á **Bókasafn Hafnarfjarðar** í vetrarfríinu og boðið verður upp á upplestra, bókabíó og föndur.

Byggðasafn Hafnarfjarðar tekur vel á móti grunnskólabörnum í Hafnarfirði og fjölskyldum þeirra í vetrarfríinu. Í Pakkhúsinu verður hægt að taka þátt í skemmtilegum og fróðlegum ratleik og setja sig í spor fornleifafræðinga og graf upp minjar frá fyrri öldum. Á fimmtudag verður boðið uppá barnaleiðsögn um safnið kl. 14:00. Aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur 19. febrúar

Kl. 13-14 UPPLESTUR í Bókasafni Hafnarfjarðar

Blær Guðmundsdóttir og Hjalti Halldórsson lesa uppúr bókum sínum

Kl. 14:30-16:30 LeikhúsbókaBíósýning í Bókasafni Hafnarfjarðar

Sýnd verður upptaka af sviðssetningu í Þjóðleikhúsinu á bókinni um Fíusól.

Fimmtudagur 20. febrúar



HAFNARFJÖRÐUR

FRÍTT Í SUND í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug og Sundhöll

Opið 6:30-22 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug og 6:30-21 í Sundhöll

KI. 10-15 PERLUFÖNDUR í Bókasafni Hafnarfjarðar

KI. 12-16 RATLEIKUR og FORNLEIFAHORN í Byggðasafni Hafnarfjarðar

Skemmtilegur og fróðlegur ratleikur fyrir fjölskylduna um safnið og börnum gefst tækifæri til að setja sig í spor fornleifafræðinga og grafa upp minjar frá fyrri öldum.

KI. 13 BÓKABÍÓ í Bókasafni Hafnarfjarðar

Sýnd verður kvikmyndin Þór: hetjur Valhallar

KI. 13-15 LISTASMIÐJA í Hafnarborg

Í smiðjunni verður unnið með sjálft ljósið, þar sem gerðar verða tilraunir með ólík form og myndir á ljósnæman pappír.

KI. 16 BÓKABÍÓ í Bókasafni Hafnarfjarðar

Sýnd verður kvikmyndin Hugo.

Föstudagur 21. febrúar

FRÍTT Í SUND í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug og Sundhöll

Opið 6:30-20 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug og 6:30-21 í Sundhöll

KI. 12-15 HREYFIMYNDASMIÐJA fyrir 13-18 ára unglinga

Nemendur fá að kynnst ýmsum grunnþáttum í kvikmyndagerð, svo sem gerð kvikmyndahandrita, tökuferlinu, klippingu og eftirvinnslu. ATHUGIÐ! Aðeins eru 20 pláss í boði. Skráing fer fram

hér: <https://forms.gle/YYFHskFz1DULA7xZA>

KI. 12-16 RATLEIKUR og FORNLEIFAHORN í Byggðasafni Hafnarfjarðar

Skemmtilegur og fróðlegur ratleikur fyrir fjölskylduna um safnið og börnum gefst tækifæri til að setja sig í spor fornleifafræðinga og grafa upp minjar frá fyrri öldum.



HAFNARFJÖRÐUR

Kl. 13 BARNLEIÐSÖGN um Byggðasafn Hafnarfjarðar

Fróðleg leiðsögn um safnið. Safnvörður leiðir gesti um safnið og segir frá.

Kl. 13-15 LISTASMIÐJA í Hafnarborg

Í seinni smiðjunni verður unnið með endurunnið eða endurnýtt efni á skapandi hátt, þar sem möguleikar efnisins til listsköpunar eru kannaðir.

Laugardagur 22. október

Kl. 11-17 RATLEIKUR um Byggðasafn Hafnarfjarðar

Skemmtilegur og fróðlegur ratleikur fyrir fjölskylduna um safnið og börnum gefst tækifæri til að setja sig í spor fornleifafraeðinga og grafa upp minjar frá fyrri öldum.

Kl. 12-14 BOLLUVANDAFÖNDUR í Bókasafni Hafnarfjarðar

Við undirbúum bolludaginn og fönndrum bolluvendi.

Sunnudagur 23. október

Kl. 11-17 RATLEIKUR um Byggðasafn Hafnarfjarðar

Skemmtilegur og fróðlegur ratleikur fyrir fjölskylduna um safnið og börnum gefst tækifæri til að setja sig í spor fornleifafraeðinga og grafa upp minjar frá fyrri öldum.